



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 5. tölublað. Maí 2007.

EFNI:

Breytingar
á sóttvarna-
lögum **bls.**
1

Íslendingar
tryggja sér
bóluefni gegn
heimsfaraldri
inflúensu **bls.**
2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarna-
læknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Brynja Laxdal
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Pórlófur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is


Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildir getið.

BREYTINGAR Á SÓTTVARNALÖGUM

Þann 17. mars 2007 lögfesti Alþingi mikilvægar breytingar á sóttvarnalögum sem einkum lúta að gildissviði sóttvarna. Var það m.a. gert til að samræma íslensk lög ákvæðum nýrrar alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), sem verður bindandi alþjóðasamningur með gildistöku 15. júní 2007. Því taka sóttvarnalögin nú ekki eingöngu til smitsjúkdóma heldur einnig til heilsufarslegra afleiðinga eiturefna og geislavirkra efna.

Eftir breytingarnar á sóttvarnalögum er kveðið á um að sóttvarnalæknir sé tengiliður Íslands við samsvarandi tengilið WHO. Það er því á ábyrgð hans að tilkynna um alvarlegar heilsufarsógnir til WHO og jafnframt að taka við og miðla slíkum upplýsingum sem kunna að berast frá WHO til þar til berra aðila.

Í 11. gr. sóttvarnalaganna eru ákvæði um gagnkvæma upplýsingaskyldu sóttvarnalæknis, heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda, Geislavarna ríkisins, Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar vegna hugsanlegrar smithættu eða hættu vegna eiturefna eða geislavirkra efna.



Tákn fyrir geislavirk efni



Tákn fyrir sýkla og lífræn eiturefni

Samstarfsnefnd

Ráðherra skipar sérstaka samstarfsnefnd til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Í nefndinni sitja sóttvarnalæknir, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar tilnefndir af Landbúnaðarstofnun, og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um smitsjúkdóma í dýrum, einn frá Geislavörnum ríkisins og tveir frá Umhverfisstofnun og skal annar vera sérfróður um matvælaöryggi en hinn um eiturefni.

Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirhælt um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta hættu af völdum smits, eiturefna eða geislavirkra efna. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög og, eftir því sem við á, sérlög um einstaka eftirlitsaðila.

(Framhald bls. 2)


Sóttvarnalög taka nú ekki eingöngu til smitsjúkdóma heldur einnig til heilsufarslegra afleiðinga eiturfna og geislavirkra efna.

Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf.

Sóttvarnaráðstafanir

Í kjölfar þessara breytinga á sóttvarnalögum hefur verið sett ný reglugerð um sóttvarnaráðstafanir. Þar eru sérstök ákvæði um sýkingavarnir og sérstaka aðstöðu á Landspítala - háskólasjúkrahúsi til einangrunar, afeitrunar og hreinsunar. Jafnframt skal vera til staðar grunnviðbúnaður og þekking á heilbrigðisstofnunum um það sem lýtur að sóttvörnum. Í reglugerðinni er kveðið á um almannavarnir, sérstakar alþjóðlegar hafnir og flugstöðvar, öryggisbirgðahald, læknisrannsókn á fólki sem flyst til landsins og ferðamönnum við komu og við brottför.

Líklegt er að margar þjóðir endurskoði lög-gjöf sína og fyrirkomulag varðandi heilbrigðisógnir til samræmis við hina nýju alþjóðaheilbrigðisreglugerð. Englendingar riðu fyrstir á vandið og stofnuðu sérstaka sóttvarnastofnun (HPA - Health Protection Agency) sem tekur til smitsjúkdóma, eiturfna og geislavirkra efna. Þykir sú stofnun hafa sannað gildi sitt þegar hún þurfti að takast á við pólon-geislaamengunina í London seint á árinu 2006. Þar tókst vel að samnýta hefðbundnar aðferðir smitsjúkdómavarna með rakningu smits og leit að geislun með aðferðum geislavarna. Atburðurinn var vissulega alþjóðlegur því hann snerti fjölda manna af ólíkum þjóðernum, m.a. nokkra Íslendinga. Kom sér þá vel að til staðar var samvinna sóttvarnalæknis og HPA vegna smitsjúkdóma.



Heilsuógn við Kárahjúka

Í apríl sl. áttu sér stað alvarlegir atburðir sem ógnuðu heilsu manna sem unnu við gangagerð við Kárahjúka. Annars vegar veiktist hópur manna af iðrasýkingu og hins vegar af loftmengun sem talin er hafa valdið eitrunar-einkennum. Atburðirnir höfðu alþjóðlega skírskotun í ljósi þess að þeir sem veiktust voru allir erlendir starfsmenn. Kvartað var yfir því að seint hefði verið brugðist við. Það er mikilvægt að atburðarrásin verði könnuð nákvæmlega og leitað leiða til að bæta flæði upplýsinga svo unnt sé að bregðast við með skjótari hætti en raunin var. Vonandi nýtist slík könnun við skipulag framkvæmda sóttvarna samkvæmt nýju lögum og reglugerð um sóttvarnaráðstafanir.

ÍSLENDINGAR TRYGGJA SÉR BÓLUEFNI GEGN HEIMSFARALDRI INFLÚENSU



Þann 4. maí 2007 undirritaði Siv Friðleifsdóttir samning við GlaxoSmithKline sem tryggir Íslendingum forkaupsrétt á 300.000 skömmtum af bóluefni gegn influensu þegar heimsfaraldur skellur á. Samningurinn er samhljóða samningi sem dönsk yfirvöld gerðu við GlaxoSmithKline á árinu 2006 og er framkvæmd hans í höndum sóttvarnalæknis.

Samningur þessi er hluti af mjög víðtækri vinnu stjórnvalda við gerð viðbragðsáætlana gegn heimsfaraldri influensu sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar influensunnar. Gildistími samningsins er þrjú ár með möguleika á framlengingu til tveggja ára.

Með samningnum er tryggt að Íslendingar munu fá bóluefni eins fljótt og auðið er eftir að lýst hefur verið yfir heimsfaraldri, en þar sem að ekki verður hægt að hefja framleiðslu á bóluefninu fyrr en heimsfaraldri hefur verið lýst yfir, munu líða um fjórir til sex mánuðir frá upphafi faraldurs þar til bóluefnið fæst afhent.